

23.tbl.

12. júní. 2024

31 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Feringarmessa í Þorgeirskirkju laugardaginn 15. júní kl. 11:00

Verið hjartanlega velkomin í Þorgeirskirkju  
á laugardaginn 15. júní kl. 11:00  
að fagna með feringarbörnunum þessum  
frábæra áfanga í lífi þeirra.

## Vorfundur Kvenfélags Aðaldæla

Verður haldinn að Ýdölum þriðjudaginn 18. júní kl 20:00.

Við hlökkum til að sjá sem flestar félagskonur og og minnum á að  
nýjar konur eru velkomnar til að kynna sér félagsstarfið.

Stjórn Kvenfélags Aðaldæla

# 17. júní

Í SAFNAHÚSINU Á HÚSAVÍK



**Til hamingju með  
þjóðhátíðardaginn!**

Gestir eru hvattir til  
að mæta í þjóðbúningum  
í tilefni dagsins.

Enginn aðgangseyrir og  
heitt á könnunni.

**Verið öll velkomin**



OPÍÐ FRÁ 11-17

Þýskmyndasafn Þrángrytju. Mynd tekið árið 1967. Þýsk. Stjórnun Þýskra Þýskum

# 17. júní

Á GRENJAÐARSTAÐ



**Til hamingju með  
þjóðhátíðardaginn!**

Hvetjum gesti til að mæta í  
þjóðbúningum og þiggja kaffi  
og kleinur í boði hússins.

Fjöldasöngur kl. 15

Enginn aðgangseyrir

**Verið öll velkomin**



OPÍÐ FRÁ 11-17

FRÉTTAMOLAR FRÁ LANDSVIRKJUN

## Farsæll rekstur í vetur og annasamt sumar framundan

Rekstur gufuaflstöðvanna okkar á Mývatnssvæði hefur gengið vel í vetur og allar vélar hafa verið keyrðar á fullum afköstum. Enn og aftur hefur sannast hve mikilvægar jarðvarmavirkjanir Landsvirkjunar eru þegar vatnsbúskapur er slakur líkt og að undanförunu og gripa hefur þurft til þess að takmarka afhendingu á skerðanlegri orku til viðskiptavina.

Vélastopp eru skipulögð í öllum þremur gufuaflstöðvunum á árinu. Í mars var Gufustöðin í Bjarnarflagi stöðvuð í eina viku til að sinna nauðsynlegu viðhaldi og gekk það vonum framár. Umfangsmikið vélastopp var á þeistareykjum í maí- og júnimánuði. Þetta er fyrsta stóra vélastöðvunin sem er alfarið í umsjón rekstursins síðan stöðin var gangsett árið 2017, en síðustu skoðanir hafa verið ábyrgðarskoðanir á vegum framleiðanda vélanna, Fuji. Í haust verður síðan stoppað í Kröflustöð, en þá er áætlað að skipta um flotgölf á kæliturni 2, ásamt öðrum nauðsynlegum viðhaldsverkefnum.





Rekstur Laxárstöðva hefur verið með hefðbundnu sniði það sem af er árinu. Eitthvað var um að vinnsla raskaðist í vetur vegna íss og krapa og í tvingang þurfti að stöðva Laxárstöð II vegna viðhaldsvinnu. Seinni partinn í apríl var svo vikustopp í stöðinni vegna árseftirlits. Í sömu viku var Laxárstöð III stöðvuð í einn dag vegna vinnu Landsnets í tengivirki Laxárstöðva.

Vinna við deiliskipulag Laxárstöðva stendur enn yfir og standa vonir til þess að hún fari í kynningu í haust. Er það seinna en upphaflega var áætlað.

#### Nýjar borholur á Þeistareykjum

Tvær nýjar rannsóknaholur á þeistareykjum voru boraðar í fyrrasumar. Niðurstöður lofa góðu, en önnur holan gefur afl sem jafngildir um 14-15 MW. Það er um það bil helmingi meira afl en meðalholan á Þeistareykjum gefur. Hin holan er lengur að hitna og ná upp þrýstingi, en við bindum vonir við að með tímanum verði einnig hægt að nýta hana til vinnslu. Síðla sumars eða í haust er fyrirhugað að bora svokallaða hitastigulsholu sunnan við Bæjarfjall, til að kanna hvort jarðhitakerfið nái lengra til suðurs en áður var talið.



#### Bætt orkunýting í Þeistareykjastöð

Í apríl var Skipulagsstofnun tilkynnt um verkefni sem bæta mun nýtingu jarðvarmaorku fyrir Þeistareykjastöð. Komið verður fyrir um 25 MW bakþrýstihverfi framan við skiljustöð virkjunarinnar, þar sem þrýstingur er felldur frá holum sem eru í dag reknar á háum þrýstingi til að koma í veg fyrir útfellingar. Þetta er spennandi frumkvöðlaverkefni sem felur í senn í sér bættu nýtingu jarðhitaauðlindarinnar og samdrátt í losun og umhverfisáhrifum á hverja unna orkueiningu.



### Undirbúningur fyrir Krafla Magma Testbed á fullu

Unnið er að krafti að undirbúningi verkefnisins Krafla Magma Testbed. Það felst m.a. í því að að bora ofan í bergkviku við Kröflu og koma þar fyrir mælitækjum, til að kanna möguleika á nýtingu jarðvarmans í kvikunni. Í framhaldinu stendur til að byggja upp alþjóðlega rannsóknamiðstöð í jarðhitafræðum með aðstöðu fyrir vísindamenn á svæðinu, reisa fræðslumiðstöð og efla samstarf við skóla og íbúa nærsamfélagsins.

Sjálfsagnarstofnunin Krafla Magma Testbed ses. var stofnuð í kringum verkefnið í lok síðasta árs og var Björn Þór Guðmundsson ráðinn framkvæmdastjóri. Formaður stjórnar er John Ludden, fyrrum forstjóri Jarðvísindastofnunar Breta, en aðrir stjórnarmenn eru: Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar, Árni Magnússon, forstjóri ISOR fyrir hönd íslenska ríkisins og Marco Bonhoff, forstjóri alþjóðastofnunarinnar International Continental Drilling Program. Unnið er að kynningu verkefnisins og fjármögnun. Haldin var ráðstefna um verkefnið, með sérstakri áherslu á eldfjallarannsóknir, í München í Þýskalandi í apríl og voru fulltrúar Landsvirkjunar og Þingeyjasveitar á meðal 240 þátttakenda sem komu frá 17 þjóðlöndum.

### Nýr viðhaldsstjóri

Guðlaugur Rúnar Jónsson tók við starfi viðhaldsstjóra í Laxárstöðvum í byrjun júní. Hann starfaði áður í vaktmannateymi á Mývatnssvæði. Ellert R. Finnbogason, sem hafði gegnt starfinu farsælega um margra ára skeið, færðist í starf verkefnisstjóra sérverkefna í Laxá. Við starfi Guðlaugs Rúnars á Mývatnssvæði tók Óli Hjálmar Ólason og hefur hann þegar hafð störf.

### Ungmennin koma í hús

Sumarvinnuhópar á Mývatnssvæði og í Laxárstöðvum komu til starfa í byrjun júní. Ungmennin munu í sumar sinna ýmsum mikilvægum verkefnum, m.a. í tengslum við ásýnd svæðanna, ásamt því að sinna verkefnum í Margar hendur vinna létt verk. Alls verða ungmennin átta við störf í Laxárstöðvum og fimm á Mývatnssvæði.

### Gestastofan í Kröflu

Gestastofan í Kröflustöð var opnuð 22. maí og er opin alla daga frá 10-17. Við bjóðum alla hjartanlega velkomna og erum sérstaklega ánægð þegar við fáum heimsóknir frá fólki í nærsamfélaginu okkar.



### Þrír styrkir úr samfélagssjóði til Norðurlands eystra

Fyrsta úthlutun úr samfélagssjóði Landsvirkjunar fór fram í mars og hlutu þrjú verkefni á Norðurlandi eystra styrk. Ungmennafélagið Efling fékk 400.000 krónur vegna Meistaramóts Íslands 11-14 ára sem haldið verður á Laugum í sumar. Þá hlaut skákfélagið Goðinn vilyrði fyrir styrk að upphæð 300.000 krónur vegna alþjóðlegs skák móts í Mývatnssveit á næsta ári. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri fékk svo 250.000 krónur vegna Vísindaskóla unga fólksins 2024.

Í þriðju úthlutun ársins 2023 hlaut Músik í Mývatnssveit 300.000 króna styrk og sömu upphæð fékk Ásta Soffía Þorgeirsdóttir vegna verkefnisins Sumarblær.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 31. júlí, en um sjóðinn má lesa á vefsvæði Landsvirkjunar:

[landsvirkjun.is/samfelagssjodur](https://landsvirkjun.is/samfelagssjodur)

# Þjóðsögur úr Þingeyjarsveit

*Kannt þú þjóðsögur úr Þingeyjarsveit?*

Anna Karen Unnsteins, þjóðfræðingur, leitar að óskráðum þjóðsögum úr sveitarfélaginu. Í lok verkefnisins, haustið 2024, verða sögurnar sem safnað verður gefnar út í bók, ásamt því að vera aðgengilegar á netinu.

Sögurnar geta verið margs konar, t.d. um drauga, hvernig örnefni urðu til, sögur um skemmtilegt fólk, um álagabletti, huldufólk og álfa ofl.

Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóði Námsmanna og Þingeyjarsveit og unnið í samstarfi við Huldu náttúruhugvísindasetur og námsbraut í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

**Frekari upplýsingar um verkefnið má nálgast hjá Önnu Karen í síma 698-6970 eða í tölvupósti á [aku1@hi.is](mailto:aku1@hi.is)**

**Gleðilegt sumar**

# Hlaupastelpan

Hlaupastelpan fer í langt sumarfrí þetta árið

Frá 1. júl til og með 12. ágúst verður  
engin Hlaupastelpan gefin út.

Þar á eftir verður útgáfunni haldið úti alla vega fram til áramóta. Við breytta tilhögun útgáfu, þ.e. ekki er lengur hægt að senda hana með fjölpósti í hvert hús, hefur auglýsinga eftirspurn dregist allmikið saman og því mun ég meta um áramótin næstu hvort það taki því að halda þessari útgáfu annars gangandi.

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

#### Verðskrá:

*Hálfsíðuauglýsing* kr. 4.600.- m.vsk  
*heilsíðuauglýsing* kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið **hlaupastelpan@isl.is**

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

Endilega sendið á mig orðsendingu á **hlaupastelpan2024@gmail.com**  
ef þið viljið fá Hlaupastelpuna í tölvupósti